



Umferðaröryggisrýni - samantekt athugasemda og svara. Atli Freyr Þorvaldsson. Efla hf. – desember 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Í verkefninu er gerð greining á athugasemdum, sem gerðar eru um umferðaröryggi og svörum hönnuða við athugasemdunum. Teknar eru saman 28 2.stigs umferðaröryggisrýniskýrslur um vegi sem gerðar voru á árunum 2020 og 2021 og ýmis tölfræði unnin úr þeim. Skýrslurnar fengust frá Vegagerðinni, sem hefur á undanförunum árum lagt meira upp úr því að framkvæmdir á vegum fari í umferðaröryggisrýni. Verkefnið byggir á öðru slíku sem gert var árið 2016 og bætist nú við samanburður milli verkefna, sem getur gefið ákveðna mynd af stöðunni.

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að:

- oftast var gerð athugasemd við hönnun vegferils (hæðarlegu og planlegu) eða í 17,6% tilvika. Í 22 af 28 skýrslum kom athugasemd um þennan þátt fram. Einnig sneru tæp 13% athugasemda að vöntun á upplýsingum.
- þriðjungi allra svara hönnuða og verkkaupa var á þá leið að atriði yrði skoðað eða hafði verið breytt. Yfir þriðjungi athugasemda var annað hvort ekki svarað eða hunsuð. Ástæður þess að þær voru hunsaðar var jafnan vegna aðstæðna, að ekki væri mögulegt að breyta hönnun.
- færri athugasemdir voru gerðar að meðaltali við verkhönnun nú en í samanburðar-rannsókninni 2016. Þá var flokkun svara fjölbreyttari nú en áður.

Niðurstöður þessa verkefnis geta verið nytsamlegar veghönnuðum í framtíðinni að því leyti að vita hvaða þættir hönnunar þarfnast úrbóta og að forðast mikinn fjölda athugasemda.